

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Ingimar Jóhannsson
Skúlagata 4
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 17. janúar 2012
2011120006/42-1-2
TB
jgo/tb

Efni: Reglugerð um fiskeldi, umsögn

Vísað er til bréfs frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, dags. 12. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að reglugerð um fiskeldi. Beðist er velvirðingar á hve lengi hefur dregist að svara erindinu.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir framangreind reglugerðardrög. Í 33. gr. kemur fram að reglugerðin er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Hvergi er vísað í lög nr. 90/2011 um skeldýrarækt þó greinileg skörun sé varðandi eldi samkvæmt þessum tveimur lögum.

Í reglugerðardrögunum er það gegnum gangandi að svo virðist sem að vatn og sjór og það sem þar lifir séu afmarkaðar vistfræðilegar einingar sem hafi ekki áhrif á annað í umhverfinu sbr.t.d hverjir eru nefndir sem umsagnaraðilar. Hvergi er minnst á lög um náttúruvernd, en gildissvið þeirra laga er á landi, í landhelgi og efnahagslögsögu, hvergi ber að leita umsagnar um vistfræðilega þætti nema til stofnana sjávarútvegs- og landbúnaðarráðneysisins.

Ágætis upptalning er í 6. gr. reglugerðarinnar og er þar er t.d. minnst á lög um hollustuhætti- og mengunarvarnir og lög um mat á umhverfisáhrifum. Í lið 14 segir hins vegar *Umsókn skulu einnig fylgja upplýsingar um stofn kynbættis og/eða erfðabreyttrar lagarlífveru*. Hér á auðvitað að vísa til þess að um erfðabreyttar lífverur gilda sér lög nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur en þau gilda á Íslandi, í landhelgi og í efnahagslögsögunni.

Í fyrrgreindum lögum um skeldýr er sérstaklega tekið fram að markmið þeirra laga er einnig að vernda líffræðilega fjölbreytni og í þeim lögum eru ákveðnir umsagnaraðilar þ.á.m. Náttúrufræðistofnun Íslands enda samræmist það hlutverki stofnunarinnar um að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og að meta verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna skv. lögum nr. 60/1992.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er reglugerðin ekki skýr hvað framangreinda þætti varðar sérstaklega að gæta skuli ákveðinna verndarsjónarmiða. Hvergi er t.d. minnst á auglýsingu nr. 460/2004 um friðunarsvæði, þar sem eldi laxfiska í sjókvíum er óheimilt (Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um að þessi auglýsing hafi verið numin úr gildi).



Einnig má vísa í 5. gr. laga nr. 71/2008 þar sem segir: *Ráðherra skal, ef vistfræðileg eða hagræn rök mæla með því, ákveða samkvæmt lögum þessum skiptingu fiskeldissvæða meðfram ströndum landsins. Áður en ákvörðun um slíka svæðaskiptingu er tekin skal ráðherra afla umsagnar þess ráðuneytis er fer með málefni náttúruverndar.....* Það er því ljóst að bæði samkvæmt þessari grein og skv. 1. gr. sömu laga þar sem segir.....*Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.* að gert er ráð fyrir aðkomu þeirra aðila sem fara með stjórnslu á sviði náttúru- og umhverfisverndar. Hafa ber í huga að verndun tegunda og vistkerfa heyrir að miklu leyti undir umhverfisráðuneytið hvort sem það er á landi, ferskvatni eða í sjó ef ákveðnir þættir eru þar ekki sérstaklega undanskildir.

1. gr. Gildissvið reglugerðarinnar er óskýrt og mætti orða betur varðandi tegundir og þar eru notuð orðin landgrunn og fiskveiðilandhelgi í stað landhelgi og efnahagslögsögu sem iðulega er notað.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

